




Innlána safnið – fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




Varfærna safnið – fyrir þá sem vilja taka litla markaðsáhættu




Hófleg áhætta



Áræðna safnið – fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 30.9.2022

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbandingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

Orðsending fjárfestingaráðs:

Árið 2022 hefur reynt óhagstætt á eignamörkuðum. Verðbólga, vaxtahækkunir og órói vegna stríðsástands í Úkraínu hefur haft áhrif á eignaverð og hafa flestir eignamarkaðir bæði hérlendis og erlendis lækkað það sem af er ári. Óvissan er enn töluverð, sérstaklega í Evrópu, en þar er verðbólga víða mjög há og mikil óvissa áfram um þróun efnahagsmála. Sökum þessa er nafnávöxtun síðustu 12 mánuði neikvæð í bæði varfærna og áræðna séreignarsafninu en árleg meðal nafnávöxtun safnanna er hins vegar verulega jákvæð sé horft til lengri tíma eins og sjá má á myndum hér að ofan. Þrátt fyrir ofangreint er staðan í íslenska hagkerfinu nokkuð góð, útlit er fyrir að fjöldi ferðamanna sé nú að ná fyrri hæðum

og samsetning ferðamanna er betri en oft áður. Aðgerðir Seðlabanka Íslands til þess að slá á innlenda neyslu og húsnæðismarkað, sem hefur verið helsti drifkraftur innlendrar verðbólgu, virðast vera að ná tilætluðum árangri og hefur tólf mánaða verðbólgutaktur lækkað í tveimur síðustu mælingum. Verðbólga er nú undir síðustu spá Seðlabankans, þrátt fyrir að vera yfir langtíamarkmiðum. Seðlabankinn er bjartsýnn að ekki þurfi að koma til frekari vaxtahækkana til þess að ná verðbólgu niður en það stýrist m.a. af þróun kjaraviðræðna og niðurstöðu ríkisfjármála. Framhaldið ræðst af framgangi heimsmála sem og stöðu á innlendum markaði.